



Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf
Gullhellu 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 6. nóvember 2020
UST202009-006/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun með fyrirvara um viðbótarskilyrði

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt, frá 5. október sl. er sent var til rekstraraðila með eftirlitsskýrslu úr óvenjubundnu eftirliti þann 2. september sl. vegna lyktarkvartanna hjá bikstöð Hlaðbæjar-Colas, í Hafnarfirði. Stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á fráviki er kom fram við eftirlitið. Frestur var veittur til 19. október sl. til að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur. Þann 19. október sl. barst stofnuninni úrbótaáætlun frá rekstraraðila.

Frávikið er eftifarandi:

- Gr. 4.9 í starfsleyfi og 38. gr laga nr. 7/1998.** Rekstraraðili skal tryggja að ekki séu efni til staðar sem aukið geti mengunarhættu, þ.m.t. óæskilega lykt og ber að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun með því að nota bestu aðgengilegu tækni og viðeigandi hráefni séu notuð til starfseminnar. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er undirbúningur að úrbótum þegar hafinn.** Í ljós hefur komið að sú lykt sem um ræðir er af bikinu sjálfu en undanfarna áratugi hefur rekstraraðili flutt inn og notað bik sem á uppruna sinn í Venesúela en vegna aðstæðna þar í landi hefur aðgengi að því verið takmarkað. Bik hefur því verið keypt af öðrum uppruna en það bik ber með sér öðruvísi og meiri lykt en verið hefur. Rekstraraðili tekur fram að bikið fari hægar út úr tönkunum en vonir höfðu staðið til og enn sé drjúgur skammtur eftir af þessu biki í tönkunum. Í áætluninni kemur fram að verið sé að ræða við Nynas, bikbirgja fyrirtækisins, m.a. um hvaða biktegund verði flutt inn á næsta ári og áætlað er að þeim viðræðum verði lokið þann 31. desember 2020. Rekstraraðili er að skoða hreinsibúnað fyrir loftúður tanka sem fangar bikgufur og hreinsar með kolasíum. Reiknað er með að það taki um 4-6 mánuði að fá búnaðinn afhentan og þá á eftir að tengja hann og gangsetja. Einnig er verið að skoða hvort sambærilegur hreinsibúnaður henti fyrir afsog frá afgreiðslu á flutningsbíla. Reiknað er með að þessari vinnu verði lokið þann 1. maí 2021. Fram kemur í úrbótaáætluninni að unnið sé að hönnun á nýju afgreiðslukerfi fyrir dælingu á bíla norðan megin á lóðinni, þ.e. fjær íbúðabyggð en nú er í dag. Þar verður jafnframt sett upp kerfi með afsogsbúnaði og kolahreinsun eins og fram hefur komið að sett verði upp fyrir geymanna. Reiknað er með að henni ljúki síðla árs 2021.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila með fyrirvara um að hann fylgi eftirfarandi skilyrðum;

- **Rekstraraðila ber að senda Umhverfisstofnun upplýsingar um núverandi bikmagn í tönkum rekstraraðila, nánari áætlun um það hvenær gert sé ráð fyrir því það bikmagn klárist sem og upplýsingar um efnainnihald bæði nýja- og eldra biksins. Þessum upplýsingum ber að skila inn fyrir 19. nóvember nk.**
- **Rekstraraðili skal senda stofnuninni upplýsingar og staðfestingu á pöntun á búnaði um leið og gengið hesur verið frá samningum við seljanda. Rekstraraðili skal þó upplýsa stofnunina um stöðu mála eigi síðar en 31. desember 2020.**
- **Rekstraraðili skal upplýsa Umhverfisstofnun um framgang verksins á að lágmarki 3 ja mánaða fresti með uppfærðri áætlun um úrbætur, fyrst fyrir 31. desember 2020. Í þeim áætlunum skulu koma fram upplýsingar um stöðu úrbóta, þær vörður sem settar hafa verið á verkið, tímasetningar framkvæmda og fyrirhugaður verktími.**
- **Pegar nánari upplýsingar um efnainnihald biksins liggja fyrir gerir Umhverfisstofnun jafnframt þá kröfu á rekstraraðila að hann framkvæmi þær viðbótarmælingar er stofnunin kann að óska eftir og þurfa þykir til greiningar á þeim eftirnum sem í malbikinu eru.**

Fari rekstraraðili ekki að fyrirmælum þessum eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir að öðru leyti mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogs